

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 19. desember 2022
UST202212-041/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing - Breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýtt deiliskipulag – Minnisvarði - 50 ár liðin frá lokum Heimaeyjargos

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vestmannaeyjar er barst 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýs deiliskipulags vegna uppsetningar minnisvarða í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá lokum Heimaeyjargos

Í greinargerð kemur fram að breyting er gerð á skilmálum landnotkunarflokks ÓB-3 í aðalskipulagi þannig að heimilt verði að reisa gosminnisvarða á hæð í Kirkjubæjarhrauni, utan hverfisverndarsvæðis Eldfells (HV-9) og móta nýja gönguleið upp á Eldfell og aðkomu að henni. Auk þess kemur fram að deiliskipulagið mun m.a. fela í sér afmörkun lóðar og fyrirkomulag mannvirkja, landslagsmótun og aðkomu að svæðinu. Einnig er gert er ráð fyrir útsýnisstöðum á gönguleiðinni og mögulega lágstemmdri lýsingu, m.a. við minnisvarðann. Auk þess segir að áhersla verður á að takmarka rask og vernda sérstakar jarðmyndanir m.a. fyrir ágangi framandi tegunda.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess af fjallað sé um ákvæði laganna í tillöggunni.

Umhverfisskýrsla

Í greinargerð lýsingar segir að einkum verði horft til áhrifa uppbyggingar skv. skipulagi á eldhraun, náttúrufar, ferðaþjónustu og samgöngur. Umhverfisstofnun bendir á horft verði einnig til áhrifa á landslag og ásýnd, þar sem að svæðið er á náttúruinjuraskrá vegna stórfenglegs landslags og er svæðið fræðandi um myndun og mótun lands.

Stígar og vegir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að stígum og vegslóðum sé haldið í lágmarki og reynt að forðast eins og kostur er að leggja nýja stíga á nýjum stöðum, heldur lagfæra þá stígar sem fyrir eru. Auk þess að lögð sé áhersla á frágangi á villistígum. Ef tillagan



UMHVERFIS

STOFNUN

gerir áð fyrir stígagerð á óröskuðu hrauni er mikilvægt að sú ákvörðun sé rökstudd samanber ákvæði 61. gr. náttúrverndarlaga. Ef tillagan gerir ráð fyrir vegslóðum innan svæðisins sé mikilvægt að skilgreina hlutverk þeirra.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur